



## 10 einfaldar aðgerðir sem söfn geta staðið fyrir til stuðnings Til framtíðar á föstudegi, mótmælum ungmenna við aðgerðarleysi í loftlagsmálum, þann 29. nóvember 2019



Flestar hugmyndirnar hér að neðan eru einfaldar í framkvæmd en krefjast þó einhvers undirbúnings. Sumar hugmyndirnar styðja við alheimsverkfallið (1-5), önnur hafa meira með söfnin sjálf að gera. (6-10). Veldu þá hugmynd sem hentar þér og þinni stofnun.

- 1. Þjóðið þeim sem taka þátt í verkfallinu á safnið.**  
Salernisaðstaða, kranavatn og þægileg sæti eru mikilvæg fyrir þá sem taka þátt í verkfallinu.
- 2. Haltu barnþing um sjálfbæra framtíð.**  
Þá geta foreldrar tekið þátt í mótmælagöngunni.
- 3. Leggið til svæði fyrir kennslu, spjaldagerð, vinnustofur.**  
Þjóðið skipuleggjendum fyrirfram vinnustofur og önnur herbergi safnsins til afnota
- 4. Taktu þátt í #ArtStrike #ListíVerkfalli #GripuríVerkfalli, settu einn safngrip í verkfall.**  
Hérna eru [verkfæratasta](#) og frekari upplýsingar.
- 5. Skjalfestið og setjið upp sýningu um verkfallið.**  
Skrásetjið heimildir um þessa stórmerkilegu hreyfingu fyrir komandi kynslóðir, ásamt þeim sem taka þátt í verkfallinu.
- 6. Segið sögu annarra ungra aðgerðasinna frá mismunandi tímum og stöðum.**  
Setjið upp sýningu sem sýni hvernig hreyfingar virka og hrinda af stað breytingum.
- 7. Seljið aðeins mat úr jurtaríkinu á veitingastað safnsins sem ræktaður er í nærumhverfinu.**  
Það er gerlegt í einn dag. Og síðan annan. Og annan.
- 8. Gerið EINN þátt í rekstri safnsins sjálfbæran.**  
Rafmagns- og hitanotkun, flutningar og umbúðir ... hvað sem er. Ef þú getur breytt einum hlut í hvert skipti sem það er verkfall, þá verður brátt allt grænna!
- 9. Hvetjið gesti til að nota almenningssamgöngur til að komast á safnið.**  
Gefið nákvæmar leiðbeiningar og ekki gleyma að minna á þægindin.
- 10. Hættið að taka við peningum frá jarðefnaeldsneytisfyrirtækjum.**  
Gerið áreiðanleikakönnun á styrktaraðilum safnsins; hafnið listþvotti og grænþvotti.

Við hvetjum allt safnafólk til að taka þátt í verkfallinu, og að forstöðumenn sýni stuðning sinn í verki. Takið myndir af aðgerðum ykkar og deilið þeim með myllumerkinu [#MuseumsForFuture](#) og [#SöfnTilFramtíðar](#) eða sendið tölvupóst á [action@museumsforfuture.org](mailto:action@museumsforfuture.org).

Að endingu, ekki gleyma að [skrá ykkur til að fá fréttabréfið](#) sem er fullt af nýjum hugmyndum fyrir komandi verkföll og skráið ykkur líka á [Culture Declares](#). Ef safnið hefur þegar beitt einhverjum af þessum aðgerðum í sýningum, þjálfun starfsfólks, viðburðum, safnfræðslu, o.s.frv., [vinsamlegast takið þátt í þessari könnun](#). Takk fyrir!